

## Fundargerð stjórnar Fimleikasambands Íslands

9. fundur haldinn á skrifstofu FSÍ 22. 11. 2016 kl. 19:00

Fundinn sátu: Arnar Ólafsson, Kristín Ívarsdóttir, Sunna Sigurðardóttir, Kristinn Arason, Sigurður Hrafn Pétursson Sólveig Jónsdóttir, Íris Svavarsdóttir, Íris Mist Magnúsdóttir og Sæunn Viggósdóttir.  
Forföll tilkynnti: Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir

Fundargerð ritaði: Sæunn Viggósdóttir

### 1. Erindisbréf frá TK varðandi íslenska fimleikastigann – til samþykktar

*TK lagði fram áættun um fimleikastiga í áhaldafimleikum karla þar sem vinnuhópur stigans var kynntur ásamt upplýsingum um tímalínu o.fl.*

Erindið samþykkt með örlitlum breytingum.

Samþykkt er því að leggja af stað í verkefnið en fyrirvari settur um fjármögnun og kallað eftir fjárhagsáætlun.

### 2. Þakkir til félaga sem héldu mót á haustönn – til bókunar

*Án mótshaldara er ómögulegt að halda fimleikamót. FSÍ vill þakka eftirfarandi mótshöldurum fyrir sitt framlag.*

TM mótið í áhaldafimleikum – Fimleikafélagið Björk  
Haustmót 1 í áhaldafimleikum – Fimleikafélag Akureyrar  
Haustmót 2 í áhaldafimleikum – Fimleikadeild Fjölnis  
Haustmót 1 í hóp fimleikum – Fimleikadeild Stjörnunnar  
Haustmót 2 í hóp fimleikum – Fimleikadeild ÍA

### 3. Fundargerð TK frá 3. fundi – til upplýsinga

#### 4. Önnur mál

E-dómaranámskeið í áhaldafimleikum karla var haldið um liðna helgi og gekk það mjög vel. Stjórn þakkar Antoni fyrir að skipuleggja og halda námskeiðið.

Fundi slitið kl. 19:45

10. fundur stjórnar verður haldinn þann 6. desember kl. 18:00